



Grænfánafundur Árskógarskóla miðvikudaginn 17. jan 2018 haldinn á gæðastund þar sem allur skólinn kom saman.

Heyrst hafði að hugtakið lýðheilsa væri erfitt og því leitað leiða til að reyna að skilgreina það betur en hafði verið gert.

Lýðheilsa skilgreining: Lýðheilsa lýtur að heilsu alls fólks, að fólk hafi aðgang að fæði, mökuleika á menntun og atvinnu. Hún fjallar um að fólk búi við frið bæði á heimili sínu og utan þess. Hún fjallar líka um hreint vatn, tannvernd og að hvetja fólk til að líta sér nær.

Farið var yfir á fundinum litlu atriðin sem eftir væru. Eitt af því var að útbúa merkingar á baðherbergi til að minna frekar á handþvott. Tveir nemendur tóku það að sér.

Grunnskólanemendur eru ekki en farin að nýta stykkinn sem þau bjuggu til. Vilji var fyrir því svo eina sem stóð í vegi fyrir þessu var að ræða við nýjan starfsmann í eldhúsi. Einn nemandi tók það að sér.

Krossglíma? Er hún samþykkt? Hafa sáttmálan gamla í huga því það er mikilvægt að fara eftir honum en þetta er auðveldara að læra og þá gætum við sett þetta upp á vegg og skreytt. Allir samþykktu krossglímuna. Kennarar eiga að finna tíma og nemendur koma með hugmyndir til kennara hvenær væri fínt að fara í þetta verkefni.

G

h r e y s t i
s j á l f b æ r n i
e n d u r n ý t i n g
j a f n r é t t i
n á t t ú r a
v i r ð i n g
v i s t s p o r